

PRÓF til viðurkenningar bókara

I. HLUTI Reikningshald og upplýsingatækni

Prófnúmer próftaka:		
Skipting námsefna til prófs: Reikningshald 80% og innra eftirlit 20%		
Hlutfallsleg skipting á uppbyggingu prófs:		
1. Krossaspurningar, fjöldi spurninga er 9. (15%) 27. mín.		
a. Reikningshald, 10%, 6 krossaspurningar.		
b. Innra eftirlit, 5%, 3 krossaspurningar.		
2. Reikningshald, bókfærsla, útreikningar og almennar textaspurningar (70%), 126 mín.		
Spurning nr. 1	Kostnaðarverð seldra vara og birgðamat (10%, 12,6 mín.)	
Spurning nr. 2	Viðskiptakröfur, niðurfærsla viðskiptakrafna o.fl. (10%, 12,6 mín.)	
Spurning nr. 3	Innlausn tekna o.fl. (10%, 12,6 mín.)	
Spurning nr. 4	Reikningskilahugtök og glögg mynd. (10% - 18 mín.)	
Spurning nr. 5	Verðbréf og bókfært verð. (10% - 18 mín.)	
Spurning nr. 6	Fjármögnunarleigusamningur og bókfært verð. (10% - 18 mín.)	
Spurning nr. 7	Kennitölur. (10% - 18 mín.)	
3. Innra eftirlit, (bæklingur frá Ríkisendurskoðun, 2017) (15%), 27 mín.		
Krossaspurningar, fjöldi 4. (6,7%), 12 mín.		
Spurningar nr. 1, 2 og 3 fjalla um innra eftirlit, alls 15. mín. (8,3%). Hver spurning er 5 mín.		
Prófdagur:	Sýnispróf með svörum	Kl.: 13:00 – 16:00
Próftími alls:	Prófið er 3 klukkutímar	Prófverkefnið er á 21 blaðsíðum þ.m.t. forsíða.
Leyfileg hjálpargögn:	Kennitölublað Reiknivél af einfaldri gerð. Reglur Reikningssskilaráðs Lög um ársreikninga, 3/2006 Lög um bókhald, 145/1994 Innra eftirlit, Ríkisendurskoðun, 2017.	Fylgiblöð: Svara skal prófi á autt blað sem er fyrir aftan hverja spurningu.
Leiðbeiningar:	Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim.	
Mikilvægt		
að lesa þessi	Þetta er sýnispróf og lausnir sem sýndar eru hér eiga að gefa vísbendingu um hvernig skal svara þ.e. hvað þarf til að svar sé gott og eigi möguleika að fá „fullt hús stiga“. Stundum er hægt að nálgast svör á fleiri en einn veg og þá er það ykkar að velja. Aðalatriðið er að það sé skilningur á því efni sem spurningin tekur á komi fram í svari. Hæfni og skilningur er það sem leitast er eftir en ekki utan-af-lærdómur.	
skilboð þar sem þau gefa	Svör hér eru ekki alltaf endanlegt svar þar sem það er prófgerðarmanns að semja spurningar og útfæra svör.	
vísbendingar um	Verið eins nákvæm og vandvirk og mögulegt er þegar þið svarið spurningum, ekki er hægt að vísa í sýnispróf til stuðnings þess að EKKI hafi þurft að svara meiru.	
hvað þarf til að	Alltaf skal miða við gildandi lög (eða frá 1. sept. sama ár og próf er tekið) nema annað sé tekið fram sérstaklega.	
svar á prófi telst		
vera gott svar .		

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL AUÐKENNA SKILMERKILEGA MED PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG. GANGI ÞÉR VEL.

I. Krossaspurningar – vægi 15% (27 mín.), 9 spurningar – 3 mín. hver spurning
(Merkja skal við aðeins einn möguleika á skýran hátt og ekki er dregið frá fyrir rangt svar.)

1. Hvaða grundvallaratriði í reikningshaldi er verið að tala um þegar átt er við að „...skal gefa glögga mynd af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé“
 - a. Ársreikningur
 - b. Efnahagsreikningur
 - c. Rekstrarreikningur
 - d. Bókhald
 - e. Ekkert af ofangreindu er rétt.

2. Megin hlutverk reikningshalds er að veita upplýsingar um: Laga líka formatið í sýnisprófi án svara, þ.e. hafa allan textann svartan.
 - a. Tekjur og gjöld.
 - b. Skattskuld fyrirtækis fyrir ákveðið ár.
 - c. Fjárhagslegar aðstæður fyrirtækis.
 - d. Allt af ofangreindu er rétt.
 - e. Ekkert af ofangreindu er rétt.

3. Grunnur að tekjuskráningu getur ekki verið:
 - a. Vörusala
 - b. Hlutfjárukning eiganda með reiðufé
 - c. Veitt þjónusta
 - d. Útleiga á fasteign
 - e. Ekkert af ofangreindu er rétt.

4. Bifreið hefur annarsvegar skráð kostnaðarverð meðal varanlegra rekstrarfjármuna og hinsvegar mótreikning sem heldur utanum afskriftir bifreiðarinnar (óbein afskriftaraðferð).
Hvert er heiti þessa mismunar milli þessara tveggja bókhaldsreikninga?
 - a. Gangverð
 - b. Söluverð
 - c. Bókfært verð
 - d. Markaðsverð

- e. Ekkert af ofangreindu er rétt.
5. Fastafjármunir sem hafa engan áþreifanlegan grundvöll en eru réttindi sem hafa virði nefnast:
- a. Veltufjármunir.
 - b. Handbært fé.
 - c. Óefnislegar eignir.
 - d. Fjárfestingar.
 - e. Ekkert af ofangreindu er rétt.
6. Hvaða birgðamatsaðferð gefur mestan hagnað við aðstæður verðhækkana?
- a. FIFO
 - b. Meðaltalsaðferð
 - c. LIFO
 - d. LIFO og Meðaltalsaðferð
 - e. Ekkert af ofangreindu er rétt.
7. Eignir Kaffi ehf. í ársbyrjun 2018 námu kr. 4.265.817 og skuldirnar voru kr. 2.386.769 skv. efnahagsreikningi. Í árslok 2018 höfðu skuldirnar hækkað um kr. 168.617. Samkvæmt eiginfjárreikningum ársins 2018 var hagnaður ársins kr. 1.436.777 og einnig var greiddur út arður til eiganda kr. 800.000. Engar aðrar hreyfingar áttu sér stað á eiginfjárreikningum.
- Hverjar verða eignir félagsins árslok 2018 í efnahagsreikningi m.v. ofangreindar forsendur?
- a. 2.197.657 kr.
 - b. 4.115.825 kr.
 - c. 5.071.211 kr.
 - d. 6.671.211 kr.
 - e. Ekkert af ofangreindu er rétt.
8. Kjarninn í jöfnunarreglunni er að
- a. Tekjum er jafnað á móti gjöldum.
 - b. Skuldum er jafnað á móti gjöldum.
 - c. Gjöldum er jafnað á móti tekjum.
 - d. Skuldum er jafnað á móti eignum
 - e. Ekkert af ofangreindu er rétt.

9. Þegar meta skal eignir, fastafjármuni, í efnahagsreikningi, skv. ÁRL., IV. kafla þá skal.....
- a. Alltaf meta eignir á gangvirði.
 - b. Alltaf meta eignir á kostnaðarverði.
 - c. Alltaf meta á markaðsvirði hverju sinni.
 - d. Alltaf skrá 80% af kostnaðarverði vegna varkárnisreglunnar.
 - e. Ekkert af ofangreindu er rétt.

**2. HLUTI REIKNINGSHALD, ALMENNAR TEXTASPUÑNINGAR,
7 SPUNNINGAR, VÆGI ER 70% EÐA 18 MÍN. HVER SPUNNING.**

Í þessum hluta prófsins eru efnisatriði er m.a. tilheyra bókfærslu, afstemmingu, gerð ársreiknings, útreikningar, útskýringar á hugtökum, taka afstöðu til reikningsskilalegra viðfangsefna og fleira. Það fer eftir innihaldi spurningar hvort rökstyðja skal svar eða ekki, ef þess er krafist þá er það tekið fram. Rökstuðningur skal settur fram í formi sem almenn umræða um viðfangsefni spurningarinnar. Almenna umræðan skal því styðja við það svar sem gefið er. Ekki er hægt að rökstyðja með því að skrifa „...það er betra að hafa þetta svona.....“ eða „...margir nota þessa aðferð frekar en hina....“ því þetta er frásögn en ekki rökstuðningur. Til að rökstuðningur myndast þá þarf t.d. að vísa í hugtök, t.d. jöfnunarregluna, FIFO kostnaðarregluna o.fl.

Spurning nr. 1 Kostnaðarverð seldra vara og birgðamat (10%, 18 mín.)

Kappi hf. flytur inn og selur ryksugur. Í ársbyrjun 2018 átti fyrirtækið 200 ryksugur (einingar) á lager. Kostnaðarverð þeirra var metið samtals kr. 8.000.000. Á árinu 2018 voru innkaup fyrirtækisins á ryksugum sem hér segir (magn og einingarverð):

	Magn	Krónur	
Janúar	500	45.000	
Maí	400	47.500	
September	300	50.000	

Taflan sýnir magn og einingarverð á ryksugu.

Skv. birgðatalningu þann 31.12. þá eru 250 ryksugur (einingar) til á lager. Ryksugurnar eru til endursölu. Markaðsverð á ryksugum í árslok er kr. 48.550. Alls voru seldar 1.150 ryksugur á árinu. Útreikningar miðast við FIFO aðferð.

(Nauðsynlegt að sýna alla útreikninga, þar sem við á).

Verkefni: (sýnið alla útreikninga)

- Hvert er kostnaðarverð seldra vara á árinu?
- Hvert er bókfært verð vörubirgða í árslok?

Svar.....

a) 52.362.500 kr.

b) 12.137.500 kr. (12.500.000-362.500)

Útreikningar o.fl. hér....

Spurning nr. 1 – svarsíða

	einingar	ein. verð	heildarverð
1.jan.	200	40.000	8.000.000
jan	500	45.000	22.500.000
maí	400	47.500	19.000.000
sept	300	50.000	15.000.000
til ráðstöfunar	1.400		64.500.000
selt á árinu	1.150		
31. des.	250	50.000	12.500.000
KVSV			52.000.000
vörubirgða mat	250	50.000	
dagsverð.....		48.550	
niðurfærsla birgða 31,12	250	1.450	362.500
gjaldfærsla á KVSV á árinu 2017.....			52.362.500

Spurning nr. 2 Viðskiptakröfur, niðurfærsla viðskiptakrafna o.fl. (10% - 18 mín.)

Hagur hf. er garðyrkjustöð og selur beint til neytenda. Velta félagsins árið 2018 var 45.500.000 með virðisaukaskatti. Sala félagsins er öll í 24% virðisaukaskattþrepi. Öll sala ársins er viðskiptafærð. Nafnverð viðskiptakrafna í ársbyrjun voru 12.500.000 skv. bókhaldi, þar af var niðurfærsla viðskiptakrafna kr. 625.000. Af viðskiptakröfum sem til voru í upphafi árs innheimtist kr. 11.750.000. Af viðskiptakröfum sem mynduðust vegna sölu ársins innheimtist kr. 36.500.000. Hagur hf. notar alltaf hámarks niðurfærslu viðskiptakrafna skv. skattalögum sem er 5%.

Ykkar verkefni er að leysa eftirfarandi

- a) Reiknið hreyfingu ársins sem færð er á rekstrarreikning (gjald- eða tekjufærsla) vegna breytinga á niðurfærslu viðskiptakrafna félagsins (óbein afskrift viðskiptakrafna) vegna ársins 2018.
- b) Reikning þá fjárhæð sem sýnd er í ársreikningi 31.12.2018, efnahagsreikningi, undir Viðskiptakröfur.

Svar....

- a) 137.500 kr.
- b) 9.262.500 kr.

Útreikningar o.fl. hér.....

Spurning nr. 2 – svarsíða

svar við a lið

jan.1.	12.500.000	0,050	625.000
árið	11.750.000		
	750.000		
sala ársins	45.500.000		
innheimt	36.500.000		
við.sk.kr.	9.000.000		
við.sk.kr.	9.750.000	0,050	487.500
31,12,			
	lækkun á niðurfærslur		137.500

Niðurfærsla viðsk.krafna	
	625.000 staðan 1,1,
uppleyst niðurfærsla á árinu	137.500
	487.500 staða 31,12,

svar við b lið....

Viðskiptakröfur í efnahagsreikningi 31.12.2018

Nafnverð viðskiptakrafna 31.12. kr. 9.750.000

Niðurfærsla viðskiptakrafna (óbein afskrift) kr. 487.500

Fjárhæð sýnd í efnahagsreikningi 31.12. kr. 9.262.500

Spurning nr. 3 Innlausn tekna o.fl. (10% - 18 mín.)

Áskrift hf. gefur út og selur Topp-blaðið í áskrift. Blaðið er gefið út einu sinni í mánuði. Áskrift hf. selur áskrift til 6 mánaða í senn og áskriftin kostar kr. 33.300, með vsk. sem er 11%. Í október bættust við 10 nýjir áskrifendur, nóvember 2018 til apríl 2019, og í nóvember bættust við 5 nýir áskrifendur, desember 2018 til maí 2019. Byrjað er að tekjufæra áskrift í nóvember, vegna nýrra áskrifta í október, reikningar gefnir út 30. nóvember og tekjufæra áskrift í desember, reikningar gefnir út 31.12. vegna nýrra áskrifta í nóvember.

Ykkar verkefni er að leysa eftirfarandi

- a) Reiknið út þær tekjur sem á að tekjufæra í rekstrarreikning fyrir nóvember og desember mánaði vegna nýrra áskrifenda í október og nóvember 2018 miðað við ofangreindar forsendur. (Þær tekjur er færa skal í rekstrarreikning til tekna í nóvember og desember).
- b) Reiknið stöðu á bókhaldslykli „Fyrirfram innheimtar tekjur“, miðað við 31.12., vegna viðskipta nýrra áskrifenda í október og nóvember 2018.

Svar.....

- a) 125.000 kr.
- b) 325.000 kr.

Útreikningur o.fl. hér...

Spurning nr. 3 – svarsíða

Nýjir áskrifendur í nóvember...			D	K
30. nóv.	útg.reikn. vegna áskrifar í nóv.	viðskiptamenn	333.000	EH
30. nóv.	Tekjufært í nóvember	Seld áskrift		50.000 RR
31. des	Tekjufært í desember	Seld áskrift		50.000 RR
30. nóv.	útg.reikn. vegna áskrifar í nóv.	fyrirfram. greitt		200.000 EH
30. nóv.	útg.reikn. vegna áskrifar í nóv.	útskattur 11%		33.000 EH
			333.000	333.000

Nýjir áskrifendur í desember			D	K
31,des	útg.reikn. vegna áskrifar í des.	viðskiptamenn	166.500	EH
31,des	Tekjufært í desember	Seld áskrift		25.000 RR
31,des	útg.reikn. vegna áskrifar í des.	fyrirfram. greitt		125.000 EH
31,des	útg.reikn. vegna áskrifar í des.	útskattur 11%		16.500 EH
			166.500	166.500

Tekjufærsla vegna nóvember, kr. 50.000 og desember kr. 25.000 + 50.000

Fyrirframinnheimtar tekjur, nóvember, kr. 200.000 og desember kr. 125.000, pr. 31.12.2018

Spurning nr. 4 Reikningsskilahugtök og glögg mynd. (10% - 18 mín.)

Formaður stjórnar er að lesa skýrslu stjórnar á aðalfundi, 15. febr. 2019.. "Rekstur félagsins gekk vonum framar og hagnaður var 15 m.kr. meiri en áætlanir gáfu til kynna. Einn stærsti sölusamningur sem félagið hefur gert var undirritaður á milli jóla og ný árs, eða 28. des. 2018. Samningurinn hljóðar upp á um 250 m.kr. og byrjað verður að selja framleiddar vörur skv. þessum samning í mars 2019. Samningurinn gerir ráð fyrir því að 10% af samningsupphæð, eða 25 m.kr. verði greitt við undirritun samnings og var sú fjárhæð færð til tekna á árinu 2018 í samræmi við tekjuregluna um innlausn tekna."

Ykkar verkefni er að taka afstöðu til innihalds skýrslu stjórnar og orða formanns um það hvort rétt sé að tekjufæra 25 m.kr. á árinu 2018 eða ekki. (Ekki þarf að taka tillit til mögulegs virðisaukaskatts).

Rökstyðja þarf svarið út frá reikningsskilalegri nálgun. (Hægt er að vitna í hugtök, skilgreiningar, lög eða annað sem styður ykkar afstöðu).

Svar.....

Það er rangt að tekjufæra 25 m.kr. á árinu 2018.

Hér er hægt að vitna í hugtök reikningsskila, sjá Reikningsskilaráð, t.d. tekjuregluna og jöfnunarregluna og ræða það af hverju þetta er rangt út frá þessum hugtökum. Skilgreina þarf hugtökin.

Einnig er hægt að nálgast rökstuðning með því að vitna í lög um ársreikninga og þá vísa í greinar nr. 25 og 26 og ræða það af hverju það er rangt.

Einnig er hægt að nálgast rökstuðning með því að ræða almennt séð af hverju þessi greiðsla flokkast sem fyrirframgreiðsla og á að vera skráð sem fyrirfram innheimtar tekjur vegna ársins 2017.

Spurning nr. 4 – svarsíða

Spurning nr. 5 Verðbréf og bókfært verð. (10% - 18 mín)

Firma hf. keypti þann 1. júlí verðbréf sem skráð eru á opinberu verðbréfaþingi. Nafnverð verðbréfanna er 1.000.000 kr. og kaupverðið var 1.500.000 kr. þ.e. á genginu 1,5. Verðbréfin voru bókfærð á kaupverði. Þessi verðbréf eru ekki til varanlegar eignar. Gengi verðbréfanna eru nú í árslok 1,3. Nú er komið að uppgjör þann 31. desember. Framkvæmdastjórinn vill að verðbréfin verði skráð áfram á 1.500.000 kr. og segir að virði þeirra eigi eftir að hækka strax eftir áramótin, en fjármálastjórinn er ekki viss hvernig skráningu skuli háttað.

Ykkar verkefni er að hjálpa fjármálastjóranum við skráningu verðbréfanna miðað við framkomnar upplýsingar. Gerið nauðsynlegar bókhaldsfærslur. Einnig þarf að taka tillit til þess hvort eitthvað þurfi að skrá í skýringar og hvað þá (helstu atriði).

Stuttur rökstuðningur verður að fylgja svari (almenn umræða sem styður svar, t.d. vísa í lög, reglur, hugtök o.þ.h.)

Svar.....

Nauðsynlegt er að ræða um kostnaðarverðsregluna og gangvirði, muninn þar á milli.

Hægt er að vísa í varfærnisregluna að ekki ofmeta eignir eða vanmeta skuldir. Ef það er gert þá er a.ö.l. hagnaður ofmetinn og eigið fé ofmetið.

Hægt er einnig að vísa í IV kafla laga um ársreikninga þar er fjallað um mat á verðbréfum, þar er rætt t.d. um að eignir skulu sæta niðurfærslu ef markaðsverð þeirra er lægra en kostnaðarverð. (sjá 30. gr.)

Hugtök frá Reikningsskilaráði um að ekki ofmeta eignir eða vanmeta kostnað, einnig er hægt að ræða um hina glöggu mynd og fjárhagsstöðu sem ársreikningur á að endurspeglar. .

Ekki er þörf að skrá neinar sérstakar upplýsingar í skýringar ef þessar eignir eru ekki verulegur hluti að eignum á efnahagsreikningi.

Spurning nr. 5 – svarsíða

Nauðsynlegar bókhaldsfærslur

Skýringartexti	Bókhaldslykill	Fjárhæð	Debet/Kredit	RR eða EH
Markaðslækkun verðbréfa	Verðbréf	300.000	K	EH
Markaðslækkun verðbréfa	Fjármagnskostn. vegna niðurfærslu verðbréfa	300.000	D	RR

Spurning nr. 6 Fjármögnunarleigusamningar og bókfært verð. (10% - 18 mín.)

Verktakafélagið Verk hf. hefur keypt nýja byggingarkrana og voru kaupin fjármögnuð með fjármögnunarleigusamningum til 10 ára, kr. 150.000.000. Það hefur verið staðfest að þessir samningar eru veruleg fjárhæð miðað við efnahag Verks hf. Vaxtakjör á samningum þessum eru 10% og fjármögnunarleigugreiðslur greiðast tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí ár hvert. Samningurinn er gerður 1. janúar 2019 og fyrsta greiðsla er 1. janúar 2019.

Bókarinn hefur samband við þig og biður þig um ráðgjöf hvort það þurfi að færa fjármögnunarsamninginn vegna kaupa á nýja byggingarkrananum í bókhald félagsins, ef svo er þá þarftu að gera útreikninga og bókhaldsfærslur. Ekki þarf að taka tillit til greiðslunnar þann 1. janúar 2019.

Eftirfarandi upplýsingar eru til staðar;

- 1) Kostnaðarverð kr. 150.000.000 sem greiða skal 2var á ári í 10 ár, þ.e. kr. 7.500.000 hver greiðsla.
- 2) Núvirt greiðslufæði allra afborgana með 10% afvöxtunarstuðli gerir kr. 93.465.000
- 3) Samningurinn hefur veruleg áhrif á efnahag Verks hf.

Verkefni:

Gerð bókhaldsfærslur í upphafi samnings, þ.e. 1. janúar 2019 og fjallið um það af hverju þið notið þá fjárhæð sem fram kemur í lausn ykkar sem eignfærslur annars vegar og skuldfærslu hins vegar.

Svar.....

Bókhaldsfærslur;

Fjárhæð sem skal eignfærast.. kr. 93.465.000, debit á efnahagsreikning, Vélar og tæki.

Fjárhæð sem skal skuldfærast.. kr. 93.465.000, kredit á efnahagsreikning, Fjármögnunarskuld

Umfjöllun um bókhaldsfærslur;

Þar sem fjármögnunarsamningurinn er veruleg fjárhæð miðað við efnahag Verks hf. skal eignfæra og skuldfæra samninginn í efnahag félagsins. sjá 29. gr. ársreikningslaga sem kveða svo á um.

„[Fjármögnunarleigusamningar] 1) skulu í samræmi við samningsákvæði og settar reikningssskilareglur færðir í efnahagsreikning ef þeir nema verulegum fjárhæðum.“

Eign- og skuldfæra skal núvirt sjóðsflæði, eigna megin og skulda megin.

Mismunur á milli kr. 150.000,000 og kr. 93.465.000 er vaxtakostnaður sem dreifist á lengd leigusamnings, þ.e.10 ár.

Nota þarf núvirðisútreikninga til að finna þá fjárhæð sem eign- og skuldfæra þarf.

10% afvöxtunarstuðull, þar sem um er að ræða tvær greiðslur á ári þá er notað 5% í 20 tímabil.

Þetta eru bara auka upplýsingar, aðstoð við lausn dæmisins.

fjármögnunarleigugreiðslur.....

3 krana	150.000.000
10 ár	15.000.000
2var á ári	7.500.000

5% núvirðingar -
stuðull í 20 tímabil

12,462

Núvirt fjárhæð...
eignfærast og
skuldfærast.

93.465.000

Spurning nr. 6 – svarsíða

Spurning nr. 7 Kennitölur. (10% - 18 mín.)

Efnahagsreikningur	m.kr. 2017	m.kr. 2016	m.kr. 2015	Rekstrarreikningur	m.kr. 2017	m.kr. 2016
Handbært fé	202,0	450,0	340,0	Sala	3.050,0	2.913,0
Viðskiptakröfur	325,0	295,0	287,0	Kostnaðarverð seldra vara	2.250,0	2.150,0
Vörubirgðir	450,0	446,0	409,0	Vergur hagnaður	800,0	763,0
Fastafjármunir	2.113,0	1.620,0	1.419,0	Launakostnaður	125,0	115,0
Alls	3.090,0	2.811,0	2.455,0	Sölu og stjórnunarkostnaður	275,0	235,0
Skammtímaskuldir	562,0	803,0	710,0	Afskriftir	104,0	103,0
Langtímaskuldir	1.521,0	982,0	827,0	Rekstrarhagnaður	296,0	310,0
Eigið fé	1.007,0	1.026,0	918,0	Vaxtakostnaður	84,0	65,0
Alls	3.090,0	2.811,0	2.455,0	Skattkostnaður	20,0	58,0
				Afkoma (Net income)	192,0	187,0
Gengi hlutabréfs í árslok.....	25,0	19,0	16,5 krónur			
Fjöldi almennra hluta í árslok	50 m.	45 m.	40 m. (milljónir hlutir)			
Vegið meðaltal almennra hluta	47 m	40 m	36 m (milljónir hlutir)			

Öll vörusala félagsins ber 24% virðisaukaskatt.

Ykkar verkefni er að reikna eftirfarandi kennitölur fyrir árið 2017.

- Ávöxtun á eigið fé
- EBIT
- Veltuhraða og innheimtuhraða viðskiptakrafna
- Lausafjárhlutfall

Svar.....

- 18,89%
- 296 m.kr.
- veluthraði 12,2 og innheimtuhraði 0,983 mánuðir eða 29,91 dagar
- 0,94 hlutfall.

Útreikningar.... sjá formúlublað sem fylgir með prófi...

A Ávöxtun á eigið fé afkoma
 ár..... 2017 2016 meðaltal ár 2017
 Eigið fé..... 1.007,0 1.026,0 2.033,0 1.016,5 192,0 **18,89% ávöxtun**
 Hér er notað meðaltal áranna 2017 og 2016

B 192+20+84=296 m.kr.

velthraði og innheimtuhraði viðskiptakrafna.				sala m vsk			
	2017	2016	meðaltal				
	325,0	295,0	620,0	310,0	3.782,0	12,2	veluthraði
C						0,983607	mánuðir innheimtuhraði

Spurning nr. 7 – svarsíða

E)

lausafjárhlutfall	m.kr.
2017 handbært fé	202,0
viðsk.kröfur	325,0
alls.....	527,0
skammt. skuldir	562
Veltufjárhlutfall.....	0,937722

**3. HLUTI INNRA EFTIRLIT,
KROSSASPURNINGAR ERU 4 TALSINS (12 MÍN.) OG 3 ALMENNAR TEXTA
SPURNINGAR, (15 MÍN.)**

Í þessum hluta prófsins eru efnisatriði er tilheyra innra eftirlit, bæklingur frá Ríkisendurskoðun, 2017. Bæði eru um að ræða krossaspurningar og almennar textaspurningar þar með t.d. útskýringar á hugtökum eða taka afstöðu ákveðinna forsenda í spurningum.

Athugið að ekki er hægt að vísa í bæklinginn um Innra eftirlit eða annað efni og telja það upp sem svar. Slíkt svar er ekki tekið gilt. Það er í góðu lagi að segja til hvaðan svarið kemur, t.d. 5.4.2. og skrifa svo svarið, það sem skrifað er í próflausnina gildir en ekki hvað fram kemur í bæklingi frá Ríkisendurskoðun, á við um allar spurningar. Ekki er heimilt að skrifa orðrétt upp úr bæklingi Ríkisendurskoðunar, notið ykkar eigin nálgun við lausn ykkar.

Krossaspurningar, 12 mín.

Veljið aðeins eitt svar af þeim svarmöguleikum sem eru til staðar við hverja spurningu. Ekki er dregið frá fyrir rangt svar. Spurningar gilda jafnt. Hér skal einungis merkja við eitt rétt svar en ekki gefa nánari skýringar.

1. Áreiðanleiki gagna í upplýsingarkerfum felst í því að:

- a) Öll gögn séu skráð inn.
- b) Gögn séu skráð inn.
- c) Upplýsingakerfi séu nothæf.
- d) Að viðurkenndur bókarí skráir.
- e) Ekkert af ofangreindu er rétt.

2. Eftirlitsaðgerðir byggja á mismunandi grunni. Hver eftirfarandi eftirlitsaðgerða er byggð á *skipulagi*?

- a) Sýna stjórnendur í verki jákvætt viðhorf til eftirlitsaðila?
- b) Er aðgangur að eignum og gögnum takmarkaður?
- c) Aðgangur er aldrei leyfður að þessum gögnum?
- d) Liggur fyrir skrifleg lýsing á skipulagi og uppbyggingu bókhalds?
- e) Ekkert af ofangreindu er rétt.

3. Eðli eftirlitsaðgerða getur verið mismunandi. Hvað er leiðbeinandi eftirlitsaðgerð?

- a) Eftirlitsaðgerð sem er valin í þeim tilgangi að draga úr áhættu.
- b) Eftirlitsaðgerð sem er upplýsandi.
- c) Eftirlitsaðgerð að setja reglur eða leiðbeiningar til þess að hjálpa starfsmönnum að gera rétta hluti á réttum tíma.
- d) Eftirlitsaðgerð að koma á forvörnum sem draga úr líkum á því að vikkur og frávik eigi sér stað.
- e) Ekkert af ofangreindu er rétt.

4. Hvert eftirtalinna er **ekki** eitt meginmarkmiða innra eftirlits skv. COSO teningnum?

- a) Skýrslugjöf (e. Reporting)
- b) Fjárhagsupplýsingar (e. Financial reporting).
- c) Starfsemi (e. Operations).
- d) Samkvæmni (e. Compliance).
- e) Allt ofangreint er markmið innra eftirlits skv. COSO teningnum.

Textaspurningar, alls þrjár, 15 mín. Vægi hverrar spurningar er 5 mín.

Spurning nr. 1, 5 mín.

Oftar en ekki er talað um nauðsyn þess að hafa hæft starfsfólk. Hvernig tengist hugtakið „hæft starfsfólk“ innra eftirliti?

Svar.....

Hæft starfsfólk tilheyrir hluta af innra eftirlit sem nefndis Eftirlitsumhverfi. Eftirlitsumhverfi felur í sér t.d. stjórnarhætti, skipulag, viðhorf stjórnenda og annara starfsmanna til innra eftirlit. Nauðsynlegt er að viðhalda hæfni og þekkingu starfsmanna t.d. með endurmenntun, þjálfum, frammistöðumati. Einnig að vita hvert er viðhorf starfsmanna til skipulags á innra eftirliti og framkvæmd þess.

Spurning nr. 2, 5 mín.

Forstöðumaður fjármáladeildar er á fundi með bókara félagsins sem er viðurkenndur bókari og forstöðumaðurinn spyr „Liggur fyrir skrifleg lýsing á skipulagi og uppbyggingu bókhalds?“

Þitt verkefni er að tengja þessa spurningu eins mikið og hægt er við innra eftirlit?

Svar.....

Hér þarf að koma fram að

Þessi staðhæfing tilheyrir *Eftirlitsaðgerðum* og eru eftirlitsaðgerðir einn af fimm þáttum er byggja upp innra eftirlit.

Þessi staðhæfing og aðgerð gengur þvert á skipulag t.d. deild, svið, verkefni.

Þessi staðhæfing byggist á aðgerð er tengist *skipulagi* (sjá kafla 5.2) sérstaklega, t.d. hver stjórnar eða hefur umsjón með bókhaldi og lög um bókhald 145/1994

Þessi staðhæfing fellur undir Aðgerðir sem tryggja eiga gæði, og þá verður að koma fram í svar, hvernig eru gæði tryggð..... sjá kafla 5.4 og skrifa þarf um það í lausninni. sjá einnig nr. 5.4.2.

Ekki er hægt að vísa í bæklinginn um Innra eftirlit eða annað efni og telja það upp sem svar. Slíkt svar er ekki tekið gilt.

Það er í góðu lagi að segja til hvaðan svarið kemur, t.d. 5.4.2. og skrifa svo svarið, það sem skrifað er í próflausnina gildir (en ekki hvað fram kemur í bæklingi frá Ríkisendurskoðun, á við um allar spurningar).

Spurning nr. 3, 5 mín.

AA framleiðslustjóri og BB sölustjóra voru að tala saman um vöruflutninga félagsins til viðskiptavina á Austurlandi. BB segir að flutningabílar félagsins séu alltaf að festast í snjó á leiðinni yfir vetratímann og það kostar sitt og viðskiptavinir verða óánægðir þegar varan kemur ekki á réttum tíma. Fyrirtækið þarf að greiða bætur vegna seinkunar og á heildina litið eru þetta háar heildarbætur miðað við veltu félagsins. BB leggur til að nota sjóflutninga yfir vetratímann. „Jæja, já, það er nefnilega það“ svarar AA.

Hvernig tengist þessi hugmynd BB inn í hugmyndafræðina um „áhættumat og aðgerðir“?

Svar.....

Bera þetta saman við hugtökin... umbera áhættu, forðast áhættu, deilda áhættu og meðhöndla áhættu. Þessi aðgerð myndi flokkast undir forðast áhættu.

Einnig þyrfti að spyrja um áhættustefnu... áhættuvilja, áhættuþol og áhættusafn fyrir félagið í heild. Hér væri stutt umræða um þessi þrjú hugtök og hvaða hugtak myndi tengjast spurningunni einna mest.

Hér er einnig spurning hvort rekstraröryggi verði ekki tryggt ef ekki verði brugðist við seinkun á afhendingu vöru og kostnaði sem því fylgir.

Einnig þyrfti AA að spyrja hvort greining á áhættu hefði verið gerð... sjá frekar kafla 4.1